

Fimmtudaginn 2. mars 1989.

Nr. 48/1989. **Hirtir hf.**

gegn

Ingólfi Kristóferssyni

Valdimar Sigfússyni og

Sigfúsi Jónssyni

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með kæru 19. janúar sl. skotið til Hæstaréttar samkvæmt b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur frá 22. desember 1988 sem kunngerður var sóknaraðila 6. janúar sl.

Sóknaraðili krefst þess að dómi þessum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar að nýju. Til vara gerir hann þá kröfu að dóminum verði hrundið að því er varðar Sigfús Jónsson og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar að nýju með svo breyttri aðild. Málskostnaður vegna frávísunar málsins verði þá látinn niður falla.

Varnaraðilar gera þær dómkröfur að hinn kærði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða dómi.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar í héraði á því að varnaraðilar séu bótaskyldir vegna galla á múrverki húss hans. Kröfunum beinir hann að varnaraðila, Sigfúsi Jónssyni, sem múrarameistara hússins og öðrum varnaraðilum sem starfsmönnum hans. Eins og mál þetta er höfðað eru kröfur þess af sömu rót runnar og verða dæmdar í einu máli. Það verður síðan efnisatriði í málinu hvort varnaraðilar eru réttir aðilar að öllum þáttum þess. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu til héraðsdóms til efnislegrar meðferðar. Rétt þykir að hver aðili beri sinn kostnað af kærunni.

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar.

Hver aðili beri sinn kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. desember sl., er höfðað með stefnu birtri 11. apríl, 12. apríl og 20. apríl sl.

Stefnandi er Hirtir hf., nnr. 9343-6539, Réttarhálsi 2, Reykjavík.

Stefndu eru Ingólfur Kristófersson, nnr. 4730-6728, Brekkutanga 33, Mosfellshreppi, Valdimar Sigfússon, nnr. 9066-5448, Nönnufelli 8, Reykjavík, og Sigfús Jónsson, nnr. 7538-9264, Snorrabraut 85, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 500.000,00 krónur í bætur vegna galla á múrverki, 48.800,00 krónur vegna kostnaðar við mat ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 548.800,00 krónum frá 14. desember 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júlí s.á., en með 3% draftarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst s.á., en með 3,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. október s.á., en með 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. desember s.á., en 4,1% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. janúar 1988, en með 4,3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. febrúar s.á., en 3,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til þingfestingardags, 28. apríl 1988, og vöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndu hafa krafist frávísunar málsins og var sú krafa tekin til dóms eða úrskurðar 12. desember sl.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig: „Í byrjun árs fól stefnandi stefndu að framkvæma múrhuðun á húsnæði stefnanda að Réttarhálsi 2 í Reykjavík. Verkið unnu stefndu Valdimar og Ingólfur, en stefndi Sigfús var meistari að verkinu. Þegar múrararnir höfðu lokið verkinu var ljóst að það var verulega gallað. Ekki var unnt að láta gera við gallana nema að litlu leyti við málningu húsnæðisins.

Með beiðni dags. 8. apríl 1986 var farið fram á dómkvaðningu mats-

manna. Í matsgerð dags. 14. desember 1986 komust matsmenn að þeirri niðurstöðu að múrhúðun væri gölluð. Töldu matsmenn að ef múrverk hefði verið lagfært áður en innréttingarvinna hófst hefði kostnaður af því numið kr. 460.000,00. Ef hins vegar yrði ekki framkvæmd nein viðgerð á húsnæðinu töldu matsmenn verðyrnun á því hæfilega metna kr. 500.000,00. Kröfugerð í máli þessu er á því byggð að stefnendur verði að sætta sig við verðyrnun þess þar sem með öllu var útilokað að koma við lagfæringum á göllunum. Stefndu hafa í engu sinnt kröfum stefnanda um greiðslu bóta.“

Af hálfu stefndu er málavöxtum lýst þannig: „að stefndi Sigfús var múrarmeistari að húsi því sem um ræðir í máli þessu og ... nefnt er Réttarháls 2. Hús þetta byggði Árni Jóhannsson byggingameistari, og mun hann hafa selt stefnanda húsið. Samningssamband var milli Árna og stefnda Sigfúsar en ekki á milli stefnanda og Sigfúsar. Sigfús segir forsvarsmenn stefnanda ekkert hafa við sig talað um framkvæmdir við húsið og þaðan af síður hafi neindir samningar verið þeirra á milli. Einhvern tíma meðan unnið var við húsið og á meðan stefndi Sigfús var erlendis fékk verkstjóri Árna Jóhannssonar, Sveinn Gunnarsson, tvo starfsmenn stefnda Sigfúsar, þá stefndu Ingólf og Valdimar, til að leggja niður steypu í gólf og handpússa það. Að sögn stefnda Ingólfs var þar annars vegar um að ræða nokkra smáfleti sem mældir voru saman en hins vegar stórt gólf sem hitalögn hafði verið lögð í. Nokkru síðar samdi framkvæmdastjóri stefnanda, Hjörtur Örn Hjartarson, um það við stefndu Ingólf og Valdimar að þeir tækju að sér að múrfylla loft í umræddu húsnæði.“

Í þinghaldi 12. desember sl. komu stefndu Sigfús og Ingólfur fyrir dóminn og komi fram í skýrslum þeirra að Hjörtur Hjartarson, framkvæmdastjóri stefnanda, hafði samið við Ingólf og Valdimar um að þeir tækju að sér að múra loft í húsinu, að Sveinn Gunnarsson, starfsmaður byggingameistara þess er byggði húsið og seldi stefnanda, það þá tvímenningana að pússa gólf og að samningur var með stefnda Sigfúsi og fyrrnefnds byggingameistara um tiltekna þætti múrverks í húsinu Réttarhálsi 2.

Málsástæður og lagarök.

Stefndu bera fyrir sig að í máli þessu séu þeir krafðir solidarískt um greiðslu skaðabóta vegna meintra vanefnda á verkskyldum skv. þremur samningum, í fyrsta lagi samningi stefnanda og stefndu Ingólfs og Valdímars um múrfyllingu á loftum, í öðru lagi samningi Sveins Gunnarssonar vegna Árna Jóhannssonar við sömu aðila um pússningu á gólfum og í þriðja lagi samningi Árna Jóhannssonar og stefnda Sigfúsar varðandi tiltekna þætti múrverks í húsinu. Bótakröfurnar séu því ekki af sömu rót runnar og verði því ekki séð að heimilt sé skv. IV. kafla laga nr. 85/1936

að sækja þær í einu lagi gegn andmælum aðila. Beri því samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi.

Af hálfu stefnanda hefur frávísunarkröfu stefndu verið andmælt með skírskotun til þess að hér sé verið að sækja bætur í hendur manna sem ollu tjóni með lélegum vinnubrögðum. Stefndi Sigfús hafi sem meistari að húsinu verið ábyrgur fyrir göllum á verki sínu og starfsmanna sinna og því eðlilegt að sækja kröfur vegna galla á verki múraranna í einu lagi.

Forsendur og niðurstaða.

Það er fram komið í málinu að verk þau er stefndu unnu í húsinu Réttarhálsi 2 voru unnin samkvæmt þremur samningum svo sem hér að framan er lýst. Gegn mótmælum stefndu verða þær ekki sóttar í einu máli á hendur þeim, samanber ákvæði 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 13. gr. laga nr. 28/1981, og ber því að vísa máli þessu frá dómi svo sem stefndu hafa krafist.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu 35.000,00 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefndandi, Hirtir hf., greiði stefndu, Ingólfi Kristóferssyni, Valdimar Sigfússyni og Sigfúsi Jónssyni, 35.000,00 krónur í málskostnað.
